

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 23. apríl 2021 í máli nr. 100/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 22. september 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að þjónusta varnaraðila hafi verið haldin galla og valdið honum tjóni. Sóknaraðili krefst skaðabóta að fjárhæð 1.018.589 krónur. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfum, dags. 1. október 2020 og 9. nóvember 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 18. nóvember árið 2020. Athugasemdir frá sóknaraðila bárust nefndinni þann 24. nóvember 2020. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara varnaraðila og athugasemda sóknaraðila, afrit af reikningi fyrir viðgerðarþjónustu hjá B að fjárhæð 961.389 krónur, afrit af reikningi vegna leigu á bílaleigubifreið að fjárhæð 57.200 krónur, myndir af bifreiðinni fyrir utan verkstæði varnaraðila áður en viðgerð hófst, svo og afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila, bifvélavirkja og starfsmanns B.

Með bréfi, dags. 21. desember 2020, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í kvörtun kemur fram að sóknaraðili hafi farið með bifreið sína, af gerðinni Porsche Macan, árgerð 2015, til varnaraðila í viðgerð vegna bilunar. Bifreiðin hafði bilað þann 25. júlí 2020 með þeim hætti að hún „stóð í efstu stöðu [...] að aftan og ekki var neinn möguleiki á að ná honum úr þeirri stöðu“. Í bifreiðinni er loftpúðafjöðrunarkerfi. Sóknaraðili leitaði til varnaraðila, sem er sérfróður í viðgerðum á Porsche bifreiðum, þann 27. júlí 2020 og óskaði eftir bilanagreiningu og viðgerð á bifreiðinni. Starfsmaður varnaraðila las bifreiðina en orsök bilunarinnar var ekki ljós. Var því ákveðið að sóknaraðili kæmi aftur með bifreiðina degi síðar í frekari skoðun sem hann gerði. Sóknaraðila var tilkynnt þann 31. júlí 2020 að loftdæla fyrir loftpúðafjöðrunarkerfið væri biluð. Pöntuð var ný dæla sem var sett í bifreiðina þann 5. ágúst 2020 og sóknaraðila var tilkynnt að verið væri að fylla á kerfið, sem er lokað kerfi með köfnunarefni.

Sama dag kveðst sóknaraðili hafa verið í sambandi við verkstæði B til að afpanta tíma í viðgerð. Sóknaraðila hafi þá verið tilkynnt að bifreiðin sé hjá B að beiðni varnaraðila sem hafi óskað eftir því að þar yrði fyllt á kerfið. Við framkvæmd þeirrar vinnu kom í ljós að báðir afturpúðar bifreiðarinnar leka og eru ónýtir. Var varnaraðila tilkynnt um það.

Nýir púðar voru pantaðir og komnir í bifreiðina þremur vikum síðar. Þá kom í ljós að annar frampúðinn lak einnig. Var hann því pantaður og kominn í bifreiðina 18. september. Reikningur B vegna viðgerðarinnar var að fjárhæð 961.389 krónur.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili kveðst hafa fengið þær upplýsingar frá sérfræðingum B að ekki megi undir neinum kringumstæðum hreyfa bifreiðina þegar búíð væri að lofttæma kerfið. Varnaraðili hafi viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni til B og telur sóknaraðili því augljóst að skemmdir á loftpúðunum séu afleiðing af því. Að auki hafi hæðarskynjari skemmst við aksturinn. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði sér greiddan viðgerðarkostnað að fjárhæð 961.389 krónur sem sóknaraðili kveðst hafa þurft að greiða til að fá bifreiðina afhenta eftir viðgerð. Einnig krefst sóknaraðili endurgreiðslu að fjárhæð 57.200 krónur vegna leigu á bílaleigubifreið þann tíma sem viðgerð stóð yfir. Krafa sóknaraðila er alls að fjárhæð 1.018.589 krónur.

3.2. Andsvör varnaraðila

Varnaraðili telur að orsök bilunarinnar megi rekja til B. Varnaraðili kveðst hafa talið þörf á nýrri loftdælu, rafknúnum mótör sem stýrir fjöðrunarkerfinu. Kerfið er knúið af gasi og unnt er að keyra bifreiðina svo framarlega sem kerfið er aftengt. Varnaraðili kveðst hafa gætt að því áður en bifreiðinni var ekið til B. Næsta skref viðgerðarinnar var að fylla út loftpúðafjöðrunina, loftpúðana, sem varnaraðili gat ekki gert þar sem hann hefur ekki búnað til þess. Varnaraðili segir að vinna við að fylla loftpúðana eigi ekki að taka lengur en einn dag, en þar sem varnaraðili þekkir ekki til verkferla hjá B hafi hann beðið eftir að haft væri samband. Vinnan hafi tekið eina viku. Að sögn varnaraðila mætti einn starfsmaður fyrirtækisins að verkstæði B þar sem starfsmaður B sagði að á meðan verið var að fylla loftpúðana hafi þeir sprungið. Varnaraðili kveðst hafa unnið vinnu sína vel og af fagmennsku og beri því ekki ábyrgð á reikningi B. Þá krefst varnaraðili þess að sóknaraðili verði gert að greiða fyrir þjónustu varnaraðila við að greina bilunina, setja upp loftdæluna og koma bifreiðinni til B.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Sóknaraðili bendir á að ekki sé heimilt að aka bifreiðinni, þ.e. setja hann á hjólin, eftir lofttæmingu í kerfinu þar sem það skemmi loftpúðana. Þá sé rangt hjá varnaraðila að púðarnir hafi verið sprengdir af hálfu B. Leggur sóknaraðili fram tölvupóst frá þjónustustjóra B þar sem kemur fram að starfsmaður verkstæðisins hafi ekki getað fyllt á kerfið þar sem þegar hafi verið komið gat á púðann.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili fór með bifreið sína, af gerðinni Porsche Macan, árgerð 2015, í viðgerð til varnaraðila þann 25. júlí árið 2020 vegna bilunar. Bilunin lýsti sér þannig að sögn sóknaraðila að bifreiðin „stóð í efstu stöðu [...] að aftan og ekki var neinn möguleiki á að ná honum úr þeirri stöðu“. Varnaraðili taldi að orsök bilunarinnar væri að rekja til loftdælu fyrir loftpúðafjöðrunarkerfi bifreiðarinnar og skipti því um loftdælu. Að því loknu þurfti að fylla á loftpúðafjöðrun bifreiðarinnar en fjöðrunarkerfið er knúið af gasi.

Varnaraðili hefur ekki aðstöðu til þess og leitaði því til B til að framkvæma þann hluta verksins þann 5. ágúst árið 2020.

Þegar bifreiðin hafði verið í viðgerð hjá B í um það bil eina viku var sóknaraðila tilkynnt að afturpúðar bifreiðarinnar væru ónýtir vegna leka. Nýir púðar voru pantaðir af hálfu B sem voru settir í bifreiðina þremur vikum síðar. Þá kom í ljós að annar frampúðinn lak einnig. Var hann því pantaður og kominn í bifreiðina 18. september árið 2020.

Sóknaraðili telur að skemmdir á loftpúðunum hafi orðið þegar varnaraðili ók bifreiðinni að verkstæði B eftir að kerfið var lofttæmt. Þá hafi varnaraðili einnig valdið skemmdum á hæðarskynjara við aksturinn. Sóknaraðili krefst greiðslu að fjárhæð 1.018.589 krónur úr hendi varnaraðila, vegna viðgerðarkostnaðar að fjárhæð 961.389 krónur auk kostnaðar við leigu á bifreið á viðgerðartímanum, að fjárhæð 57.200 krónur. Varnaraðili hefur bent á að unnt sé að aka bifreiðinni ef kerfið hefur verið aftengt og að varnaraðili hafi gætt að því áður en bifreiðinni var ekið til B. Telur varnaraðili að skemmdirnar hafi orðið við vinnu B við að fylla á kerfið.

Um viðskipti aðila gilda lög nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.). Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laganna ber seljandi þjónustu áhættu af tjóni, eða rýrnun, sem verður áður en hann skilar af sér verki, nema hann sýni fram á að tjónið sé vegna atvika sem ekki eru á hans valdi. Meginreglan er sú að áhættan af tjóni hvílir á seljanda þar til hann hefur skilað af sér verki og allri vinnu er lokið. Seljandi telst hafa skilað af sér verki þegar hlutur hefur verið afhentur neytanda að nýju samkvæmt 2. mgr. 19. gr. þkpl. Ef seljandi afhendir öðrum aðila hlutinn án samráðs við neytanda telst afhending ekki hafa farið fram nema sérstakar ástæður valdi því að seljandi hafi mátt ætla að neytandi væri samþykkur afhendingunni.

Líta verður á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu viðgerðarkostnaðar, sem var greiddur til B, að fjárhæð 961.389 krónur, sem kröfu um skaðabætur í skilningi 25. gr. þkpl. Samkvæmt ákvæðinu ber seljanda að bæta það tjón sem verður á eignum neytanda þegar verk er unnið eða í tengslum við það eða hlutur sem afhentur hefur verið seljanda þjónustu glatast eða skemmist, nema seljandi sanni að hann hafi ekki sýnt af sér vanrækslu. Ákvæðið á við hvort sem tjónið er í tengslum við galla á þjónustu eða ekki.

Ekki er uppi ágreiningur milli aðila málsins um að tjónið hafi orðið eftir að bifreiðin hafði verið afhent varnaraðila, en málsaðila greinir á um hvort varnaraðili eða starfsmenn B hafi valdið tjóninu. Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til þess að loftpúðarnir hafi lekið áður en varnaraðili fékk bifreiðina til viðgerðar.

Af gögnum málsins verður ráðið að skemmdir á loftpúðum bifreiðarinnar hafi orðið þegar bifreiðin hafði verið afhent varnaraðila sem viðsemjanda sóknaraðila. Ber varnaraðila því að bæta sóknaraðila það fjárhagslega tjón sem hann varð fyrir vegna skemmda á loftpúðum bifreiðarinnar á meðan bifreiðin var í umráðum varnaraðila, svo og í umráðum B að beiðni varnaraðila. Ekkert hefur þó verið lagt fram í málinu sem sýnir fram á varnaraðili eða starfsmenn B hafi valdið skemmdum á hæðarskynjara bifreiðarinnar við framkvæmd verksins. Verður því ekki slegið föstu hvort skemmdir á hæðarskynjara hafi komið til á þeim tíma er bifreiðin var í vörslum varnaraðila.

Reikningur B vegna viðgerðarinnar var að fjárhæð 961.389 krónur. Þar af greiddi sóknaraðili tækjagjald að fjárhæð 3.426 krónur, vinnu við fjöðrun og stýri að fjárhæð 295.260 krónur, alls 48.662 krónur fyrir hæðarskynjara, 134.416 krónur fyrir loftpúða hægra megin að aftan, 134.416 krónur fyrir loftpúða vinstra megin að aftan, svo og 156.140 krónur fyrir loftpúða að framan.

Í samræmi við framangreint ber varnaraðila að greiða sóknaraðila skaðabætur að fjárhæð 912.727 krónur. Fyrir liggur að sóknaraðili hefur ekki greitt reikning varnaraðila fyrir þjónustuna. Hefur ekkert komið fram í málinu um að bilanagreining varnaraðila hafi

verið röng eða að sú viðgerð sem framkvæmd var hafi ekki haft tilskilinn árangur. Er því fallist á kröfu varnaraðila um að sóknaraðila beri að greiða fyrir þjónustu varnaraðila.

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu að fjárhæð 57.200 krónur vegna leigu á bílaleigubifreið á meðan bifreið sóknaraðila var til viðgerðar hjá B. Með sömu rökum og hér að framan verður því að fallast á kröfu sóknaraðila um greiðslu skaðabóta vegna leigu á bifreið á meðan hann gat ekki nýtt eigin bifreið, að fjárhæð 57.200 krónur.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, alls 969.927 krónur. Öðrum kröfum sóknaraðila er hafnað. Sóknaraðila ber að greiða varnaraðila fyrir þá þjónustu sem innt var af hendi í þágu sóknaraðila við viðgerð á bifreiðinni.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 15.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson